

6. bekkur hönnun og smíði

Kennarar: Þórhildur Guðmundsdóttir

Lýsing

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat, þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta menningar. Nemendur fá að tjá sig og allir hafa hæfileika til að skapa.

Markmið með náms í hönnun og smíði er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfu einbeitningu, iðjusemi og verkfærni. Það er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám.

Í hönnun og smíði er unnið eftir hæfnimarkmiðum aðal

Markmið

2019-2020

Hver smíðja stendur í upp átta vikur, tvö skipti á viku

Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkinga

Námsefni

Ýmis verkefni frá kennara

Kennsluaðferðir

Kennsla er að lang mestu leyti verkleg. Nemendur vinna ákveðin verkefni eftir fyrirmælum og leiðbeiningum frá kennara.

Námsmat

Metin er frammistaða og vinnusemi í tímum - símat. Nemendur leggja einnig mat á eigin frammistöðu að loknu hverju verkefni

Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk - Handverk

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.

Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk - Hönnun og tækni

- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.

Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk - Umhverfi

- Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.